

Mánudaginn 13. janúar 1936.

Nr. 54/1935. **Helgi P. Briem** (Th. B. Lindal)

gegn

borgarstjóra Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs (Garðar Þorsteinsson).

Sýknun af kröfu um endurheimtu greidds útsvars.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 31. maí 1934: Stefndur, borgarstjóri Jón Þorláksson f. h. bæjarstjórnar Reykjavíkur vegna bæjarsjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnandans, Th. B. Lindal f. h. Helga P. Briem, í máli þessu og falli málskostnaður í því niður.

Dómur hæstaréttar.

Máli þessu hefir verið skotið til hæstaréttar með stefnu, útgefinni 31. maí f. á., og að fengnu áfrýjunarleyfi 28. s. m.

Áfrýjandi krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 1650.00 með 5% ársvöxtum af kr. 500.00 frá 11. okt. 1932 til 24. des. s. á., með 5% ársvöxtum af kr. 1000.00 frá síðastnefndum degi til 6. jan. 1933 og með 5% ársvöxtum af kr. 1650.00 frá 6. jan. 1933 til greiðsludags. Svo krefst áfrýjandi og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Af hálfu stefnda er krafist staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Það er upplýst í málinu, að áfrýjandi kærði útsvar það, er í máli þessu greinir, bæði til niðurjöfnunarnefndar, yfirskattanefndar og ríkisskattanefndar og krafðist niðurfellingar á því, með því að hann taldi sig ekki útsvarsskyldan í Reykjavík það ár, sem um var að ræða. En niðurstaða nefnd-

anna varð sú, að útsvarið skyldi óbreytt standa. Eftir þessi málalok greiddi umboðsmaður áfrýjanda útsvarið fyrirvaralaust. Með svofelldri greiðslu verður að telja rétt áfrýjanda til endurgreiðslu útsvarsins, þótt hann kynni annars að hafa verið fyrir hendi, hafa glatast, og verður þegar af þessari ástæðu að sýkna stefnda í málinu.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í hæstarétti, er þykir hæfilega ákveðinn 150 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, borgarstjóri Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs, á að vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Helga P. Briem, í máli þessu. Áfrýjandi greiði stefnda 150 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttaumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 6. sept. f. á. af Theodór B. Líndal, hrm. hér í bæ f. h. Helga P. Briem, fiskfulltrúa í Barcelona á Spáni gegn borgarstjóra Jóni Þorlákssyni f. h. bæjarstjórnar Reykjavíkur vegna bæjarsjóðs til endurgreiðslu á útsvari að upphæð kr. 1650.00 ásamt 5% ársvöxtum af kr. 500.00 frá 11. okt. 1932 til 24. dez. s. á., af kr. 1000.00 frá þeim degi til 6. jan f. á. af allri upphæðinni kr. 1650.00 frá þeim degi til greiðsludags, svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu.

Málavextir eru þeir, að við niðurjöfnun útsvara hér í bænnum árið 1932 lagði niðurjöfnunarnefnd á umbjóðanda stefnanda Helga P. Briem 1650 króna útsvar, og greiddi hann það að fullu til bæjarsjóðs eftir að hafa þó, að því eða gert nokkrar ráðstafanir til þess, að gera honum eða

er hann heldur fram, kært árangurslaust yfir útsvarinu til yfirvalda þeirra, er um þau mál eiga að fjalla. En nú telur stefnandi að útsvar þetta hafi verið ranglega lagt á umbjóðanda sinn og honum hafi ekki borið að greiða það, og eigi hann því heimtingu á að fá útsvarið endurgreitt úr bæjarsjóði. Endurgreiðslukröfuna byggir stefnandi á því, að umbjóðandi sinn hafi flutt búferlum héðan úr bænum til Spánar 11. febrúar árið 1932 eða áður en niðurjöfnun útsvara hér fór fram það ár, til þess að taka við stöðu þeirri, sem hann gegni þar, sem fiskerindreki fyrir Ísland, og þar hafi hann átt heimili síðan. En þar sem hann hafi verið alfluttur af landinu áður en niðurjöfnun útsvaranna fór fram, hafi hann ekki eftir ákvæðum 6. greinar útsvarslaganna verið útsvarsskyldur hér árið 1932, enda hafi niðurjöfnunarnefndin hér í bænum heldur ekki verið bær til þess að leggja á hann, þar sem hann hafi ekki átt hér heimilisfang.

Stefndur hefir mótmælt kröfum stefnanda og krafist sýknu af þeim og málskostnaðar hjá honum eftir mati réttarins. Byggir stefndur sýknukröfuna á, að enda þótt umbjóðandi stefnanda hafi farið utan í febrúarmánuði 1932, þá hafi hann ekki verið búinn að slíta heimilisfesti sinni hér í bænum, er niðurjöfnun fór fram, og hefir hann því bæði verið útsvarsskyldur og útsvar löglega á hann lagt hér, og komi því ekki til mála, að hann eigi rétt á, að fá útsvarið endurgreitt.

Í 8. gr. útsvarslaganna er svo ákveðið, að þar skuli leggja útsvar á gjaldþegn, sem hann hafði heimilisfang vitanlega eða samkvæmt manntali næst á undan niðurjöfnun. Nú er það in confesso í málinu, að umbjóðandi stefnanda var heimilisfastur og hafði atvinnu hér í bæ um árið 1931 og var á manntali hér þá um haustið, svo og að hann dvaldi hér þangað til 11. febr. 1932, en upplýst er, að þann dag lagði hann ásamt fjölskyldu sinni af stað áleiðis til Spánar, sem erindreki Íslands þar, og litlu síðar flutti bróðir hans inn í íbúð þá, sem hann hafði búið í hér í bænum, en ósannað er, að leigumáli hans á íbúðinni hafi þá verið slitið. Svo hefir stefndur haldið því fram ómótmælt, að umbjóðandi stefnanda hafi ekki áður en niðurjöfnun útsvara fór hér fram, tilkynnt til lögreglustjóra, að hann væri fluttur búferlum af landi brott

skattayfirvöldum bæjarins það vitanlegt, að hann flytti lögheimili sitt héðan, enda þótt honum sem fyrrverandi skattstjóra í Reykjavík hafi hlotið að vera það ljóst, að slíkt var nauðsynlegt til þess að losna við útsvarsálagningu hér. Þá er það upplýst, að nafn umbjóðanda stefnanda stendur á kjörskrá þeirri, er gildi hér til 30. júní f. á.

Loks verður ekki á það fallist hjá stefnanda, að heimilisfang hér á landi sé ósamrýmanlegt stöðu umbjóðanda hans á Spáni, enda þótt það sé að sjálfsögðu nauðsynlegt að hann dvelji þar meginhluta árs.

Eftir því, sem fyrir liggur, verður því ekki talið sann- að gegn mótmælum stefnds, að umbjóðandi stefnanda hafi verið búinn að slíta löglega heimilisfesti sinni hér í bænum er umrætt útsvar fyrir 1932 var á hann lagt, enda bendir sú staðreynd, að hann greiðir útsvarið, að því er séð verður athugasemdalaust, til hins gagnstæða, og verður þá að ganga út frá því, að útsvarið sé löglega á hann lagt og hann útsvarsskyldur eftir útsvarslögunum og ber því að sýkna stefndan af kröfu stefnanda um endurgreiðslu þess, en eftir öllum atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 17. jan. 1936.

Nr. 101/1935. **H/f Rán og Útvegsbanki Íslands h/f**
(Th. B. Lindal)
gegn

Sænsk-íslenzka frystihúsinu h/f og
h/f Höfrungi (Lárus Jóhannesson).

Sjóveð dæmt fyrir úttektarkröfu.

Dómur sjóréttar Hafnarfjarðar 22. júlí 1935: Stefnda, h/f. Höfrungur, greiði stefnandanum, Lárusi Jóhannessyni, f. h. Sænsk-ísl. frystihússins, kr. 1007.50 auk 5% ársvaxta frá 1. okt. 1934 til greiðsludags og í málskostnað kr. 195.00 og skal stefnda h/f. Rán þola sjóveðsrétt í b/v. Rán G. K. 507 fyrir hinni tildæmdu upphæð.